

## FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

**250. fundur** Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 07. apríl 2015, kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, formaður, Guðjón Þórarinn Loftsson, Guðrún Eik Skúladóttir og Ragnar Smári Helgason.

Starfandi byggingafulltrúi: Eyjólfur Þórarinsson

Fundarritari: Pétur Arnarsson

### Dagskrá:

- 1. Erindi nr. 1503037** Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnisvinnslu í Bláhæð.
- 2. Erindi nr. 1504003** Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna hitaveitulagnar í dreifbýli.

### Afgreiðslur:

- 1. Erindi nr. 1503037** Ólafur Sveinsson f.h. Tak – Malbik ehf. kt. 560677-0149 sækir um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku og vinnslurétt í Bláhæð á Holtavörðuheidi, skv. meðfylgjandi uppdrætti unnum af Landmótun. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026 en þar er nánar skilgreind sem náma nr. E9.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda.

- 2. Erindi nr. 1504003** Sveitastjóri f.h. Húnaþings vestra kt. 540598-2829 sækir um framkvæmdaleyfi fyrir hitaveitulögn í dreifbýli. Annars vegar er um að ræða lögn inn Miðfjörð frá dælustöð á Laugarbakka allt að Barkastöðum, Huppahlíð og Búrfelli og hins vegar frá Reykjum í Hrutafirði norður Heggstaðanes að Bessastöðum og Sveðjustöðum sbr. meðfylgjandi teikningaskrá frá Stoð ehf. dags. 10. mars 2015.

Ekki liggur fyrir leyfi landeiganda að svo stöddu.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda með fyrirvara um leyfi landeiganda og umsögn minjavarðar.

**Skipulags- og umhverfissráð bendir á að afgreiðslur ráðsins jafngilda EKKI byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi gefur leyfið út þegar öll tilheyrandi gögn hafa borist og sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur staðfest fundargerðina.**

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:50

---

Pétur Arnarsson

---

Guðrún Eik Skúladóttir

---

Guðjón Þórarinn Loftsson

---

Ragnar Smári Helgason

---

Eyjólfur Þórarinsson